

HÚSAFRIÐUNARNEFND ÁRSSKÝRSLA



2007

Skýrsla um starf Húsafriðunarnefndar og yfirlit yfir styrkveitingar úr Húsafriðunarsjóði

Húsafriðunarnefnd 2008

Mynd á forsíðu:
Kirkjan að Tjörn í Svarfaðardal


Prentvinnsla:
Prentsmiðjan Oddi og Ragnar Jón Gunnarsson arkitekt

*Öll réttindi áskilin.
Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið*

Það væri öfugmæli að halda því fram að góðari það, sem landsmenn hafa búið við að undanfögnu, hafi orðið húsvernd eins hallkvæmt og margur hefði kosið. Þau eru mörg dæmin um efnamenn og verktaka sem tekið hafa höndum saman um áform er luttu að stórfelldri uppbyggingu á sumum þeim reitum höfuðborgarinnar sem fram að þessu hafa státað af gamalgróinni byggð. Þar kennir margra grasa, höfuðstöðvar bankastofnana, verslunarhallir og -miðstöðvar, gistihús fyrir erlenda ferðamenn og nýir listaskólar, svo að fátt eitt sé talið. Mörg þessara áforma hafa góðu heilli miðað að því að bæta hið manngerða umhverfi, en önnur hafa því miður byggt á skammsýnu vanmati á þeim húsakosti sem á grundvelli byggingarlistar eða menningarsögu eru talin hafa varðveislugildi. Ekki er fjarri lagi að fullyrða að víglínan hafi að undanfögnu verið dregin um Laugavegin – allt frá Bankastræti og austur úr – og þó einkum elsta hluta hans, húsin nr. 4 og 6 sérstaklega. Þessi yfirlætislausu hús geta virst lítils virði, séu þau skoðuð úr samhengi, en þau vitna um söguna og þróun byggðar, ráða miklu um yfirbragð staðarins og síðast en ekki síst ljá þau hinu friðaða mannvirki Laugavegar 2 öflugan bakgrunn og styrk. Ekki skal dregið í efa, að þeim, sem þóttu borgaryfirvöld kaupa hús þessi dýrum dómum, hafi gengið gott eitt til með aðfinnslum sínum. En margur maðurinn mun eflaust geta tekið undir með Fríðu Björk Ingvarsdóttur sem í pistli sínum í Morgunblaðinu svaraði gagnrýninni með svofelldum orðum: „Í því sambandi þarf að áréttast að það kostar að eiga sér sögu. Það kostar að eiga þjóðminjasafn. Það kostar að eiga myndlistararf og það kostar að eiga handrit. Varðveisla byggingararfleifðarinnar í okkar unga og óþroskaða borgarsamfélagi kostar líka sitt.“

Upp úr miðri síðustu öld vannst á því hefð að flytja þau hús um set, sem vegna gatnagerðar eða nýs skipulags áttu ekki lengur framtíð fyrir sér á sínum stað en töldust samt sögufræg eða dæmi um framúrskarandi byggingarlist. Framan af voru hús þessi falin umsjá Minjasafns Reykjavíkur og þeim valinn

nýr staður á Árbæjarsafni, þar sem nú má á auðveldan hátt fræðast um byggðapróun Reykjavíkur á nítjándu öld. Síðar óx þeirri skoðun ásmegin að bygging sem safngripur væri lítið annað en svipur hjá sjón, brýnt væri að búa þannig um hnútana að gömul hús byggju áfram yfir lífrænu notagildi, þótt á nýjum stað væru. Í beinu framhaldi af því voru skipulögð sérstök hverfi fyrir flutningshús, sem sum hver hafa heppnast með ágætum og bera í dag blá liðins tíma, eins og einna gleggst má sjá í vinalegri húsabyrpingunni í Skerjafirði. Á öðrum stöðum er látið gott heita að flytja hús á milli gatna, að þau megi þar fylla ófríð göp í götumyndum. Þá hafa sést þess dæmi í nýlegum skipulagstillögum að lagt er til að færa til hús innan hvers reits fyrir sig, líkast því sem á einu stóru taflborði væri. Við þessu er að sjálfsögðu ástæðulaust að amast, allra síst þegar tillögurnar eru unnar af listrænum næmleik og ríkri tilfinningu fyrir sögu staðarins og byggðamynstri, eins og reyndin er um hugmyndir að nýrri verslunarmiðstöð sem áformað er að reisa á næstunni við ofanverðan Laugaveg. Öðru máli gegnir um hugmyndir er fram hafa komið að lyfta gömlum húsum, sem hafa varðveislugildi, upp á húspök nýbygginga eða stinga þeim niður í kjallara undir sjávarmáli. Engan þarf að undra þótt einhverjum finnist sem gamanið sé með þessu tekið að kárna og þessi nýstárlega birtingarmynd húsverndar gefi tilefni til að ítreka tæplega hálftrar aldargamla alþjóðlega samþykkt sem enn er í fullu gildi og segir: „Sögulegar minjar verða ekki greindar frá þeirri sögu sem þær eru vitnisburður um eða frá því umhverfi sem þær standa í. Því er aðeins unnt að fallast á flutning sögulegra minja, að hluta eða í heild, þar sem vernd þeirra krefst þess eða þar sem mikilvægir hagsmunir þjóðarinnar eða alþjóðlegir hagsmunir réttlæta flutning.“



Húsafriðunarnefnd

Í Húsafriðunarnefnd eiga sæti:

Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt, sem er formaður nefndarinnar,

Pétur H. Ármannsson, arkitekt, sem er varaformaður,

Einar Njálsson, verkefnastjóri í Félagsmálaráðuneytinu,

Guðmudur Þór Guðmundsson lögfræðingur kirkjuráðs,

Nikulás Úlfar Másson arkitekt. (*Sjá kafla: Nýr forstöðumaður bls. 6*).

Varamenn eru þau:

Gylfi Guðjónsson, arkitekt,

Ingunn Guðmundsdóttir, deildarstjóri,

Júlíana Gottskálksdóttir, arkitekt,

Guðrún M Kristinsdóttir, forstöðumaður Minjasafns Akureyrar

Lýður Pálsson, safnstjóri.

Þjóðminjavörður hefur seturétt á fundum nefndarinnar.

Húsafriðunarsjóður

Húsafriðunarnefnd stjórnar Húsafriðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafriðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingararfi og útgáfu rita þar að lútandi.

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr Húsafriðunarsjóði samkvæmt reglugerð um sjóðinn nr. 479 frá 30. nóvember 1993.

Umsóknir til sjóðsins þurfa að berast fyrir 1. desember ár hvert.

Fjárframlög til sjóðsins koma annars vegar af fjárlögum og hins vegar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Starfsmenn Húsafriðunarnefndar

Forstöðumaður Húsafriðunarnefndar

Magnús Skúlason arkitekt (*Sjá kafla: Nýr forstöðumaður bls. 6*).

Aðrir starfsmenn:

Ragnar Jón Gunnarsson arkitekt, ragnar@husafriidun.is

Jón Pálsson arkitekt, jon@husafriidun.is

Einar S. Hjartarson húsasmiður, einar@husafriidun.is

Guðlaug Vilbogadóttir fornleifafræðingur
gulla@husafriidun.is



Laugavegur 4 og 6 í Reykjavík (1890 og 1871)

Starfssvið Húsafriðunarnefndar

Húsafriðunarnefnd starfar samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og húsafriðunarreglugerð. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Hlutverk Húsafriðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því að:

- móta stefnu í húsverndunarmálum,
- meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald eða endurbætur á friðuðum húsum,
- hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- stjórna húsafriðunarsjóði og veita úr honum styrkjum samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- halda skrá yfir öll friðuð hús í landinu,
- veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- stuðla að gerð húsakannanna og útgáfu þeirra,
- standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

Nánari útlistun á ofangreindum atriðum er að finna í ritinu *Stefnuskrá Húsafriðunarnefndar 2002*. Sjá heimasíðu Húsafriðunarnefndar: husafriidun.is.

Starfsemi 2007



Laugavegur 10 og 12, Reykjavík (1882 og 1904)

Á árinu 2007 hélt Húsafríðunarnefnd 11 fundi og tók til afgreiðslu erindi, er borist höfðu nefndinni og ýmist lutu að framkvæmdum við friðuð hús eða hús, sem að mati nefndarinnar hafa listrænt eða menningarsögulegt gildi. Þá fjallaði nefndin um styrkveitingar úr húsafríðunarsjóði, innra starf nefndarinnar, byggingarsögulegar rannsóknir, sem unnar eru á vegum nefndarinnar, og útgáfu rita um þær. Að ósk menntamálaráðuneytisins lét nefndin ráðuneytinu í té umsögn um hvaða umsækjendur hún teldi hæfa til að gegna embætti forstöðumanns nefndarinnar. Sem endranær fór nefndin í árlega eftirlitsferð um landið, að þessu sinni um Mið-Norðurland.

Nefndin hélt áfram afskiptum sínum af Laugaveginum og framtíð hans, einstökum húsum og götumyndum, skipulagi og umbótum. Formaður nefndarinnar, varaformaður og forstöðumaður áttu fund með borgarstjóra og formanni skipulagsráðs um húsvernd í Reykjavík, Laugavegin og miðbæinn. Viðræður þessar skiluðu þeim árangri meðal annars að tryggja varðveislu Alliance-hússins á Grandagarði. Nefndin tók þátt í að móta stefnuna varðandi uppbyggingu húsanna Austurstrætis 22 og Lækjargötu 2, sem skemmdust í eldsvoða þann 18. apríl 2007. Í framhaldi af því boðaði nefndin til kynnisfundar um brunavarnir í friðuðum og varðveisluverðum húsum þar sem forstöðumaður Eldvarnareftirlits Reykjavíkur



Friðuð hús, Hafnarstræti 94, 96 og 98 á Akureyri (1909, 1913 og 1923)

viðraði skoðanir sínar og sjónarmið. Nefndin hélt áfram að kynna sér deiliskipulag á ýmsum reitum í Reykjavík, þ.á m. þremur reitum við Njálsgötu, svokallaðan Naustreit í Vesturbænum og loks Alþingisreit þar sem fyrirhugað er að reisa skrifstofubyggingar fyrir Alþingi að afloknum fornleifarannsóknnum. Vegna ýmissa álitamála sem upp komu við málsmeðferð hjá nefndinni og reyndu á samverkan laga um húsafríðun annars vegar og skipulags- og byggingarlaga hins vegar, réð nefndin Tryggva Þórhallsson lögfræðing til að semja álitgerð um framkvæmd laga um húsafríðun og samspil þeirra við skipulags- og byggingarlög. Það er mat nefndarinnar að álitgerð þessi skýri á ljósan hátt annars vegar lagagrundvöll ákvarðana, sem sveitarstjórn tekur varðandi skipulag og framkvæmdir, og hins vegar bótaskyldu vegna ákvarðana um friðun eða vernd húsa.

Eins og endranær hafði nefndin afskipti af fjölmörgum friðuðum húsum. Af friðuðum kirkjum skulu þessar nefndar helstar: Viðeyjarkirkja (brunavarnir), Hafnarfjarðarkirkja (nýtt orgel), Grundarkirkja í Eyjafirði (tillögur að viðbyggðu safnaðarheimili), Strandarkirkja, Staðarkirkja í Aðalvík og Húsavíkurkirkja. Af öðrum friðuðum húsum skulu nefnd: Alþingishúsið við Austurvöll (endurbætur innanhúss) og Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg (frágangur lóðar og hugmyndir um nýbyggingar), Miðbæjarskólinn

og Norræna húsið (breytingar á innra fyrirkomulagi), Austurstræti 16 (innréttingar) og Landspítalinn (viðbygging), Smiðshús í Árbæjarsafni (aðalviðgerð), verbúðirnar við Grandagarð, Fríkirkjuvegur 3 og Aðalstræti 10 í Reykjavík. Þá fjallaði nefndin um mörg varðveisluverð hús sem ekki njóta friðunar. Af þeim skulu einungis nefnd fáein: Vesturgata 16B í Reykjavík, hús Benedikts Gröndal, Vonarstræti 12, Kirkjutorg 4, Grundarstígur 10, Skúlatún 2 (gamli borgarstjórnarsalurinn), Bræðraborgarstígur 31, Þingholtsstræti 2-4 og Laugavegur 20 og 74. Ennfremur Skólahúsið í Ólafsdal, Sæbólskirkja á Ingjaldssandi, Silfurgata 5 á Ísafirði, Hafnarstræti 53 og 98 á Akureyri, Lúðvíkshús á Neskaupstað og gamla kaupfélagshúsið á Höfn í Hornafirði. Nefndin skoðaði endurnýjun á Hótel Borg í fylgd eigenda og íbúðarhúsið að Sólheimum 5 sem á fyrra ári var lagt til að yrði friðað.



Nýibær, Hólum í Hjaltadal (1860)

Í samræmi við þjónustusamning Húsafríðunarnefndar og Þjóðminjasafns Íslands var framhaldið mati á viðgerðapörf húsa í húsasafni Þjóðminjasafns og gerð verk- og kostnaðaráætlana með það að takmarki að ná sem fyrst öllum safnkostinum á viðhaldsstig. Verk þetta vann Einar Skúli Hjartarson húsasmíðameistari í samvinnu við Önnu Lísu Rúnarsdóttur verkefnisstjóra hjá Þjóðminjasafni.

Á árinu samþykkti nefndin að leggja til friðun 10 húsa við Laugaveg með svohljóðandi rökstuðningi:

Með vísan til þess er segir í 4. grein laga um húsafríðun að friða megi samstæður húsa sem

hafa mikið gildi, gerir Húsafríðunarnefnd það að tillögu sinni að eftirtalin 10 hús við Laugaveg, helstu verslunargötu í miðbæ Reykjavíkur, verði friðuð: Laugavegur 10, 11, 12, 20B, 21, 29, 30, 41, 44 og 64. Er einkum litið til þess að ofangreind hús hafa mikið gildi fyrir umhverfi sitt, flest þeirra hafa einnig mikið listrænt gildi og mörg hver töluvert menningarsögulegt gildi. Jafnframt er horft til þess að mikilsvert sé að varðveita byggingarsögulega fjölbreytni þessa hluta miðbæjarins og tengsl Laugavegar við aðliggjandi götur sem margar hafa varðveitt upphaflegt svipmót sitt.

Þá samþykkti nefndin að leggja til friðun þriggja húsa á Akureyri með svipuðum rökstuðningi:

Með vísan til þess er segir í 4. grein laga um húsafríðun að friða megi samstæður húsa sem hafa mikið gildi, gerir Húsafríðunarnefnd það að tillögu sinni að eftirtalin 3 hús við Hafnarstræti, helstu verslunargötu í miðbæ Akureyrar, verði friðuð: Hafnarstræti 94, 96 og 98. Er einkum litið til þess að ofangreind hús hafa mikið gildi fyrir umhverfi sitt, ýmist sem hornhús eða áberandi kennileiti í miðbænum, og hafa mikið listrænt gildi, ekki síst í upphaflegri gerð sinni. Þá hafa tvö húsanna nýlega verið endurgerð af mikilli alúð, að til eftirbreytni er. Jafnframt er horft til þess að mikilsvert sé að varðveita byggingarsögulega fjölbreytni þessa hluta miðbæjarins og tengsl Hafnarstrætis við Kaupvangsstræti, eitt helsta götuhorn á Akureyri.

Auk þess sem að ofan greinir fól nefndin Péttri H. Ármannssyni, varaformanni nefndarinnar, að gera tillögur að friðun nokkurra einbýlishúsa sem dæmi um framúrskarandi byggingarlist á 20. öld. Mun nefndin taka tillögurnar til frekari umfjöllunar á næsta ári.

Nýr forstöðumaður

Hinn 31. október 2007 lét Magnús Skúlason arkitekt af störfum sem forstöðumaður nefndarinnar fyrir aldurs sakir. Menntamálaráðherra réð Nikulás Úlfar Mátsson arkitekt sem forstöðumann Húsafríðunarnefndar frá sama tíma að telja.




Hóladómkirkja (1757-1763)

Nikulás Úlfar hefur um langt árabíl starfað að varðveislu, rannsóknum og skipulagsmálum í tengslum við íslenskan byggingararf. Hann var deildarstjóri húsadeildar á Árbæjarsafni í rúman áratug og um tíma staðgengill borgarminjavarðar. Frá árinu 2001 starfaði hann sem verkefnisstjóri á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar, síðast sem teymisstjóri Vesturteymis. Þá hefur hann átt sæti í Húsafriðunarnefnd frá sama tíma og haft umsjón með Húsverndarsjóði Reykjavíkur. Um leið og Húsafriðunarnefnd þakkar Magnúsi langt og gott samstarf býður hún Nikulás Úlfar velkominn til starfa.

Útgáfustarfsemi

Á árinu komu út tvö ný bindi í ritröðinni Kirkjur Íslands. Fjalla þau um friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi ásamt gripum og minningarmörkum. Höfundar eru Agnes Stefánsdóttir, Finnur Birgisson, Guðmundur L. Hafsteinsson, Guðrún Harðardóttir, Guðrún M. Kristinsdóttir, Gunnar Bollason, Haraldur Þór Egilsson, Hjörleifur Stefánsson, Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Kristinn Magnússon, Kristín Huld Sigurðardóttir, Magnús Skúlason, Pétur H. Ármannsson, Sigríður Hafstað, Stefán Örn Stefánsson, og Þóra Kristjánsdóttir. Ljósmyndir eru eftir Ívar Brynjólfsson, ljósmyndara Þjóðminjasafns. Ritstjórar eru þeir Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson.

Nefndin lét gera sýningu úr efni bindanna sem sett var upp í safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Herra Jón Aðalsteinn Baldvinsson vígslubiskup opnaði sýninguna að viðstöddu fjölmenni þann 29. ágúst og Þorsteinn Gunnarsson flutti erindi um ritverkið og kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Veitingar voru í boði Minjasafnsins á Akureyri sem var aðili að útgáfunni. Sýningin var síðar flutt til Dalvíkur og eftir það áformað að setja hana upp víðar í Eyjafirði.



Nýr samstarfssamningur um útgáfu á Kirkjum Íslands var undirritaður í mars 2007. Samkvæmt honum er verkaskipting útgáfuaðila sem hér segir: Þjóðminjasafn Íslands lætur taka saman lýsingar á gripum, áhöldum og minningarmörkum ásamt lýsingum á þeim kirkjum, sem eru í húsasafni Þjóðminjasafns, og sér einnig um ljósmyndatöku og myndaritstjórn. Húsafriðunarnefnd lætur taka saman lýsingar á friðuðum kirkjum, öðrum en þeim sem eru í húsasafni Þjóðminjasafns, einnig lýsingar á kirkjugörðum og sögu kirkjustaða. Annast þar að auki mælingar og teikningar af kirkjum, tekur saman skrár og orðskýringar og kostar þýðingar á útdráttum. Biskupsstofa leggur verkinu til skrif um einstakar kirkjur eða kirkjustaði.

Í flokki leiðbeiningarita um varðveislu, viðgerðir og endurbætur gamalla húsa voru á árinu gefnar út nýjar útgáfur af ritum um tréglugga og útveggi, grind og klæðningu. Þá er unnið að undirbúningi rits um hefilstrik, lista og innri klæðningar og endurbættri útgáfu af Skrá yfir friðuð hús sem Guðmundur L. Hafsteinsson tók saman fyrir nefndina og út var gefin árið 2000. Einnig er áformað að gefa út í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands rit um viðhald torfhúsa.



Audunarstofa, Hólum, (endurbyggð 2000-2001)



Grafarkirkja í Skagafirði, (endurbyggð 1953)

Kynnisferð 2007

Dagana 25. – 27. júní fór Húsafríðunarnefnd í ferð um Norðurland. Flogið var til Akureyrar og þaðan ekið rakleiðis yfir Öxnadalsheiði og til Skagafjarðar.



Fundur Húsafríðunarnefndar um borð í Hríseyjarferðinni

Fyrsti viðkomustaður var Brimnes í Viðvíkursveit þar sem Halldór Steingrímsson bóndi sýndi nefndinni íbúðarhús frá seinni hluta 19. aldar. Þaðan var haldið heim að Hólum og dómkirkjan skoðuð, Auðunarstofa og gamli bærinn, í fylgd Guðrúnar Helgadóttur kennara. Viðvíkurkirkja var skoðuð utan og innan. Á Hofsósi tók Valgeir Þorvaldsson á mótí nefndinni og sýndi gamla pakkhúsið, kaupfélagshúsið og önnur húsakynni Vesturfarasetursins. Reynir Sveinsson sóknarnefndarformaður sýndi nefndinni Hofskirkju á Höfðaströnd og Lilja Pálmadóttir nýtt íbúðarhús þeirra hjóna á Hofi, teiknað af Studio Granda. Því næst skoðaði nefndin Grafarkirkju og Fellskirkju í Sléttuhlíð. Á Siglufirði tók Örlygur Kristfinnsson safnstjóri á mótí nefndinni og sýndi Roaldsbrakka, bræðsluhús og bátahús ásamt eigin húsi, kenndu við Sæby. Önnur hús á Siglufirði sem skoðuð voru eru sem hér segir: Maðdömuhús, Herhúsið, Ytra-hús, Norska sjómannaheimilið, Apótekið, Barnaskóli Siglufjarðar og Hlíðarhús. Að aflokinni dvöl á Siglufirði var Sauðanesviti yfirlitinn, íbúðarhúsið á Hrauni í Fljótum skoðað

í fylgd eigenda, Knappsstaðakirkja athuguð með þeim Jónasi Hallgrímssyni og Guðrúnu Halldórsdóttur, einnig Kvíabekkjarkirkja og loks Ólafsfjarðarkirkja undir leiðsögn Svövu B. Jóhannsdóttur formanns sóknarnefndar. Á Dalvík tók Íris Ólöf Sigurjónsdóttir safnstjóri á mótí nefndinni og sýndi Byggðasafn Dalvíkur þar sem nefndin hélt hádegisverðarfund með Svanfríði Jónasdóttur sveitarstjóra. Önnur hús á Dalvík voru athuguð Nýibær, Samkomuhús Dalvíkur og kór Ufsakirkju. Nefndin gerði í fylgd heimamanna úttektir á kirkjunum þremur í Svarfaðardal, á Tjörn, Urðum og Völlum og íbúðarhúsinu þar, sömuleiðis vinnustofu Arngríms málara í Gullbringu. Að því búnu sigldi nefndin út í Hrísey þar sem Ásgeir Halldórsson málarari sýndi Syðstabæjarhúsið, fallega endurgert, og Hríseyjarkirkju. Á Möðruvöllum í Hörgárdal tók Bjarni Guðleifsson prófessor á mótí nefndinni og sýndi Leikhúsið, Stefánsfjós og Möðruvallakirkju. Þaðan hélt nefndin að Hofi í Hörgárdal og gaumgæfði Hofsstofu sem Þorsteinn Daníelsson smíðaði 1828. Á Akureyri hélt nefndin fund með þeim Guðrúnu M. Kristinsdóttur safnstjóra, Hönnu Rósu Sveinsdóttur safnverði og Þórgný Dýrfjörð menningarfulltrúa Akureyrarbæjar. Að loknum fundi var haldið í skoðunarferð með fundarmönnum og eftirtalin hús athuguð: Minjasafnskirkjan, Friðbjarnarhús, sem Gunnar H. Lórenzson sýndi fallega uppgert, gamli spítalinn Gudmandsmínde, Gamla apótekið, Laxdalshús, Lækjargata 6, Samkomuhúsið, Gamli barnaskólinn, Hafnarstræti 20 Höepfnershús, Hafnarstræti 41, Sigurhæðir, Akureyrarkirkja, Barnaskóli Íslands, Davíðshús, Lundargata 2 og 11, Wathnehúsið, Hafnarstræti 94 og 96 og sláturhús KEA í Grófargili sem nú hefur gengið í endurnýjun lífdaganna sem veitingastaðurinn Friðrik V. Að lokinni vettvangsskoðun á Akureyri var haldið fram Eyjafjörð þar sem nefndin gerði úttektir á eftirtöldum kirkjum: Grundarkirkja, Saurbæjarkirkja, Hólakirkja ásamt gamla torfbænum, Möðruvallakirkja og Munkaþveráarkirkja sem Reynir Björvinsson sóknarnefndarformaður sýndi. Þá gaf nefndin sér tíma til að skoða tvö söfn, Smámunasafn Sverris Hermannssonar í Sólgarði og Safnasafnið á Svalbarðsströnd og hélt auk



Sauðanesvíti, vestan mynnis Siglufjarðar (1933-1934)

Þess stuttan fund með séra Hannesi Erni Blandon prófasti á Syðra-Laugalandi. Síðasti viðkomustaður í ferðinni var Laufás þar sem Ingibjörg Svafa Siglaugsdóttir safnvörður sýndi gamla bæinn og Laufáskirkju.

Ráðgjöf og fræðsla

Eins og oftlega er áminnst annast Húsafríðunarnefnd ekki hönnun endurbygginga gamalla húsa en gefur út leiðbeiningarit um gamalt handverk og selur við vægu verði. Rit þau, sem út eru komin, eru sex að tölu og fjalla um tréglugga, húsakannanir, útveggi, grind og klæðningar, friðuð hús, uppmælingu húsa og steinuð hús. Þá veitir forstöðumaður nefndarinnar faglega ráðgjöf um viðhald og endurbætur, ýmist á skrifstofu nefndarinnar eða á vettvangi. Húsafríðunarnefnd gengst einnig fyrir námskeiðum fyrir iðnaðarmenn í samvinnu við ýmsa aðila, m.a. Menntafélag byggingariðnaðarins. Á árinu sótti Magnús Skúlason, forstöðumaður nefndarinnar, málþing um íslenska torfbæinn, sem haldið var í Skagafirði dagana 1.-2. apríl, og einnig vinnufund í Osló um aðgengi að minjastöðum.

Byggingarsögulegar rannsóknir

Á árinu var unnið áfram að byggingarsögulegum rannsóknum á friðuðum

kirkjum, bæði uppmælingum kirkna og uppskriftum á vísitasíum sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Lætur nærri að rannsóknum þessum sé að fullu lokið. Enn vantar þó að fylla í eyður og verður það gert, allt eftir því hvernig útgáfu á Kirkjum Íslands miðar framvegis. Umsjón með rannsóknum þessum hefur Jón Pálsson arkitekt og starfsmaður Húsafríðunarnefndar.

Skráningarmál

Húsafríðunarnefnd setti sér það takmark árið 1996 að láta taka saman ítarlegar lýsingar á öllum friðuðum mannvirkjum þar sem öllum staðreyndum, sem þau vörðuðu, yrði haldið til haga. Yrðu þar tíundaðir meginþættir hvers mannvirkis og gert grein fyrir á hvaða rökum friðunin byggist og hversu umfangsmikil hún væri. Þá skyldi lýsingunni fylgja mat nefndarinnar á hvaða byggingarhlutum mætti alls ekki breyta, helst ekki breyta eða gjarnan breyta og hvaða hlutar byggingarinnar mættu vera á hvorn veginn sem væri.


Nefndin réð Guðmund L. Hafsteinsson arkitekt til að semja lýsingar þessar og búa þær undir prentun. Áætlað er að skráningunni ljúki 2008.

Auk þess sem að ofan getur heldur Húsafríðunarnefnd skrá yfir friðuð hús og önnur varðveisluverð hús, sem hlotið hafa styrk úr húsafríðunarsjóði, með upplýsingum úr viðurkenndri húsakönnun um listrætt og menningarsögulegt gildi þeirra og varðveislumat. Skráin geymir nú upplýsingar um styrkveitingar úr húsafríðunarsjóði frá 2006 aftur til ársins 2000, en unnið er að skráningu styrkja frá árabílinu 2000-1994 og er áætlað að henni ljúki 2008. Umsjón með því verki hefur Ragnar Jón Gunnarsson arkitekt og starfsmaður Húsafríðunarnefndar. Er það takmark nefndarinnar að senn geymi skráin upplýsingar um styrkveitingar allt frá því er húsafríðunarsjóður tók til starfa 1975 svo að unnt verði að styðjast við skrána þegar veitt er úr sjóðnum framvegis.

Styrkir 2007

Feitletraðir styrkir er ákvarðaðir af Fjárlaganefnd í samráði við Húsafriðunarnefnd.

Fjöldi umsókna/styrkja



SAMTÖLUR	Umsóknir	Styrkir	Upphæð
Friðuð hús	24	20	24.350
Friðaðar kirkjur	20	20	24.100
Hús á safnasvæðum	8	7	8.950
Húsakannanir	2	2	1.500
Rannsóknarverkefni	3	3	1.350
Reykjavík	46	34	15.550
Reykjanes	8	8	13.600
Vesturland	10	9	8.350
Vestfirðir	24	21	32.900
Norðurland	23	23	23.800
Austurland	20	18	15.650
Suðurland	25	24	21.500
Samtals	213	189	191.600

FRIÐUÐ HÚS		
Davíðshús	1944	400
Edinborgarhúsið	1907	900
Efstasund 99	1825	600
Faktorshúsið Djúpavog	1848	4,000
Friðbjarnarhús	1856	4,000
Gamla Faktorshúsið Neðstakaupstað	1765	900
Gamla prentsmiðjan, Norðurgata 17	1882	300
Gamla Syðstabæjarhúsið, Hrísey	1885	3,000
Grettisgata 11	1907	200
Gudmanns Minde (Gamli spítali)	1835	4,000
Hákot, Garðastræti 11A	1893	100
Jónassenshús, Miðkaupstað á Ísafirði	1845	100
Laugavegur 2	1886	750



Fjarðargata 4 A. Vertshús á Þingeyri (1881)



Hólskirkja í Bolungavík (1908)

Laxdalshús	1795	400
Menntaskólinn í Reykjavík (Lærðiskóli)	1843	700
Riis-hús Borðeyri	1862	1,000
Rjómabúið á Baugstöðum		100
Salthúsið (Gamla salthúsið), Þingeyri	1772	900
Samkomuhúsið Akureyri	1906	1,000
Tjarnargata 18	1905	200
Tjarnargata 28	1906	300
Vöruskemma (Pakkhúsið), Ólafsvík	1844	500

FRIDAFAR KIRKJUR

Bakkakirkja Öxnadal	1843	300
Bildudalskirkja	1905	5,000
Breiðabólstaðarkirkja	1911	900
Brunnhólskirkja á Mýrum	1899	900
Búrfellskirkja	1845	300
Bænhúsið í Furufirði	1899	200
Eyrarkirkja í Seyðisfirði	1866	500
Fríkirkjan í Reykjavík	1901	800
Gufudalskirkja	1908	200
Hlíðarendakirkja	1897	400
Hólskirkja, Bolungavík	1908	900
Húsavíkurkirkja	1907	600
Illugastaðakirkja	1860	400
Kálfatjarnarkirkja	1892	2,000
Lögmanshlíðarkirkja	1860	600
Patreksfjarðarkirkja	1906	2,500
Sauðaneskirkja	1888	2,500
Staðarkirkja Staðardal	1885	600
Staðarkirkja, Aðalvík	1904	3,000
Útskálakirkja Garði	1861	600
Viðvíkurkirkja	1886	900

HÚS Á SAFNASVÆÐUM

Bryggjuhúsin (Angró, Skipasmíðastöðin og Þórshamar)	1881	4,000
Gamla-Búð	1864	200
Geirastaðir, Görðum	1903	350
Norska húsið	1832	2,000
Sandar (Vestri), Görðum	1901	100
Stúkuhús, Görðum	1915	300
Vjelsmiðja Jóhanns Hanssonar	1907	2,000

HÚSAKANNANIR

Bæja- og húsakönnun á Akranesi	750
Bæja- og húsakönnun í Vesturbyggð	750

RANNSÓKNARVERKEFNI

"Saga byggingartækninnar" - sýning á Árbæjarsafni	250
Gamla hafnarsvæðið á Höfn, deiliskipulag	1,000
Steyptir gluggar (rannsókn)	100

ÖNNUR VERKEFNI: REYKJAVÍK

Ásvallagata 64	1934	200
Bankastræti 10	1902	200
Bergstaðastræti 14	1923	250
Bergstaðastræti 19	1897	200
Bræðraborgarstígur 20	1905	200
Bræðraborgarstígur 4	1901	500
Drafnarstígur 7	1897	150
Herkastalinn (Hjálpræðisherinn)	1916	2,000
Hjallur við Lambhól	1890	100
Hólatorg 2	1919	200



Kaupangur á Vopnafirði (1884)

Krossholt	1898	50
Lambhóll við Ægisíðu	1924	200
Laufásvegur 4	1899	200
Laugavegur 42	1911	800
Lindargata 50	1903	300
Ljósvallagata 32	1928	150
Mjóstræti 2	1902	350
Njálsgata 43	1906	200
Nýlendugata 11A	1914	100
Nýlendugata 15A	1906	200
Nýlendugata 5A (áður Lindargata 13)	1898	250
Reynistaður	1874	200
Skólabrú 1	1907	400
Sólvallagata 16	1925	200
Spítalastígur 3	1914	100
Sögufélagshúsið	1874	150
Tjarnarbió	1913	5,000
Verkamannabústaðirnir við Hringbraut	1931	1,200
Vesturgata 26B	1896	300
Vesturgata 46A	1913	300
Þinghóltsstræti 2-4	1884	200
Þinghóltsstræti 7	1880	200
Þórsgata 19	1922	500

ÖNNUR VERKEFNI: REYKJANES

Brekkugata 11 Hafnarfirði	1908	200
Duus-hús/Bryggjuhúsið Reykjanesbæ	1877	5,000
Menningarhús frá Jakútiu	2007	5,000
Norðurbraut 25B Hafnarfirði	1910	200
Norðurkot	1898	2,000
Skúlaskeið 4 Hafnarfirði	1926	100
Sæból, Nesvegur 121	1929	400



Verkamannabústaðirnir í Reykjavík (1932–1937)

Útskálar Garði	1889	3,000
Vegamót, Nesvegur	1930	200
Vesturgata 32 Hafnarfirði	1918	500


ÖNNUR VERKEFNI: VESTURLAND

Ferjukot	1890	50
Galtarholt II, Borgarbyggð	1895	200
Gamla Mjólkursamlagshúsið, Borgarnesi	1925	3,000
Setberg, Eyrarsveit	1896	400
Skólastígur 8, Stykkishólmi	1885	300
Skólastígur 9, Stykkishólmi	1894	600
Sveinatunga, Norðurárdalshreppi	1895	500
Sæmundarpakkhús, Stykkishólmi	1899	300
Verslunarhús í Englendingavík, Borgarnesi	1885	3,000

ÖNNUR VERKEFNI: VESTFIRÐIR

Barnaskólinn Reykjanesi	1930	3,000
Brekkugata 8 Þingeyri	1910	200
Dunhagi (Stúkuhús) Tálknafirði	1933	300
Einarshús/Péturshús Bolungarvík	1902	3,000
Fjarðargata 5, Þingeyri	1915	300
Fjarðargata 8, Þingeyri	1906	400
Gamla prestssetrið Brjánslæk	1912	2,000
Gamli bærinn á Sveinseyri	1880	400
Herkastalinn (Hjálpræðisherinn) Ísafirði	1920	500
Hæðstikupaður (verslunarhúsið)	1873	600
Íbúðarhúsið í Eyrardal, Álftafirði	1890	4,000
Miðstræti 3, Bolungarvík	1900	2,000
Mjallargata 5 Ísafirði	1856	500
Pakkhúsið Vatnseyri	1896	4,000
Síldarverksmiðjan Djúpavík	1935	1,000
Steinhúsið Hólmavík	1911	200

Hlutfallsleg skipting eftir flokkum, ár 1994–2008



Timburskemma á Reyðarhleini (hákarlahjallur)	1865	300
Vatneyrarbúð	1918	4,000
Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson	1898	2,000
Vertshús (Hótel Flatey)	1885	200
Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar	1913	4,000

ÖNNUR VERKEFNI: NORÐURLAND


Aðalgata 11, Blönduósi	1907	900
Aðalstræti 32 Akureyri	1856	600
Árnes Skagaströnd	1899	800
Erlendarhús/Hallshús	1875	400
Eyrargata 16 Siglufirði	1929	300
Gamla-Búð (Kaupfélag Svalbarðseyrar)	1900	300
Grána	1904	2,000
Grímstunga Vatnsdal	1921	250
Gróðrarstöðin Krókseyri	1905	500
Héðinshöfði, Tjörneshúsi	1880	3,000
Hjallaland Vatnsdal	1881	1,000
Hlíðarhús, Hávegur 60	1894	2,500

Hraunsrétt	1836	1,000
Hús Sigurðar Pálmassonar Hvammstanga	1910	300
Hvanneyrarbraut 66 Siglufirði	1907	200
Kvennaskólinn á Blönduósi	1911	7,000
Leikhúsið á Möðruvöllum í Hörgárdal	1881	500
Lækjargata 6 Akureyri	1886	600
Saurar í Miðfirði	1930	200
Sólbakki Árskógsströnd	1926	200
Sýslumannshúsið að Kornsó	1879	300
Verslunin Eyjafjörður	1903	750
Ytrahús, Aðalgata 25	1861	200

ÖNNUR VERKEFNI: AUSTURLAND

Austurvegur 11	1908	700
Bjarg Papey, austurendi	1900	200
Bjólfgsgata 8 (Gíslahús)	1907	300
Búðavegur 8 (Templarinn)	1900	250
Fjörður 1	1906	100
Framtíðin (Hótel Framtíð)	1905	3,500

Ráðstöfunarfé eftir árum



Gamla kaupfélagshúsið Breiðdalsvík	1906	4,000
Gamli bærin Berufirði	1925	200
Hafnargata 24 (Berlín)	1881	200
Hafnargata 42 (Garður)	1921	300
Kaupvangur	1884	2,000
Norðurgata 5 (Bjólfsbær)	1902	900
Norðurgata 6	1902	200
Rangá I Fljótssdalshéraði	1905	100
Sólhóll	1930	250
Vesturvegur 4 (Kiddýarhús)	1903	350
Vesturvegur 5 (Björgvin)	1878	100
Piljuvellir 11 (Þórsmörk/Pálshús)	1912	2,000

ÖNNUR VERKEFNI: SUÐURLAND

Austur-Meðalholt	1895	1,500
Bindindishúsið (Gamla Símsstöðin), Vík	1900	200
Brydebúð, Vík	1831	200
Einkofi Eyrarbakka	1900	300
Grenihlíð, Vík	1907	200

Halldórsverslun, Vík	1903	400
Hjalli, Austurvegur 11B	1908	50
Hnausar (smiðja)	1814	200
Kaupfélagshúsið Hafnarbraut 2	1897	3,000
Keldnakot í Flóa	1930	200
Lista og menningarverstöð, Hafnargata 9		2,000
Merkigarður Eyrargata	1878	200
Mikligarður, verbúð	1918	500
Ólabúð, Eyrarbakka	1930	200
Pompei norðursins		3,000
Skemma sem hýsir Skaftfelling, Vík		1,000
Sumarhús Einarssonar myndhöggvara	1923	200
Tannastaðir	1920	300
Tindfjallaskáli (Skáli ÍSALP)	1945	150
Tryggvaskáli	1890	2,000
Ullarvinnslan í Þingborg	1927	2,500
Ölvisholt I	1924	200

Heimasíða Húsafriðunarnefndar: husafridun.is

Ritröð Húsafriðunarnefndar um varðveislu, viðgerð og endurbætur gamalla húsa

Í ritröðinni eru útkomin 6 hefti:

1. hefti: **Trégluggar** 1996
2. hefti: **Bæja- og húsakannanir** 1997
3. hefti: **Útveggir, grind og klæðning** 1998
4. hefti: **Skrá yfir friðuð hús** 2000
5. hefti: **Uppmæling húsa** 2003
6. hefti: **Steining** 2003

Kirkjur Íslands

Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu.

Rit 1: Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hreppólakirkja, Hrunakirkja og Tungufellskirkja.

Rit 2: Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra-Núpskirkja og Villingaholtskirkja.

Rit 3: Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Bræðratungukirkja, Búrfellskirkja, Miðdalskirkja, Mosfellskirkja og Torfastaðakirkja.

Rit 4: Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Eyrarbyggjakirkja, Gaulverjabæjarkirkja, Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja, Úlfjótsvatnskirkja og Þingvallakirkja.

Rit 5: Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Goðdalakirkja, Hvammskirkja, Ketukirkja, Reyjakirkja, Reynistaðarkirkja, Sauðárkróskirkja, Silfrastaðakirkja, Sjávarborgarkirkja og Víðimýrarkirkja.

Rit 6: Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofskirkja, Hofsstaðakirkja, Hóladómkirkja, Knappsstaðakirkja og Viðvíkurkirkja.

Rit 7: Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Árneskirkja, Kaldrananekirkja, Kollafjarðarneskirkja, Staðarkirkja í Steingrímsfirði, Breiðabólstaðarkirkja, Kirkjuhvammakirkja, Staðarbyggjakirkja, Staðarkirkja í Hrutafirði, Vesturhópsbólakirkja og Víðidalstungukirkja.

Rit 8: Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Auðkúlukirkja, Bergsstaðakirkja, Blönduóskirkja, Bólstaðarhlíðarkirkja, Hofskirkja, Holtastaðakirkja, Svínavatnskirkja, Undirfellskirkja og Þingeyrakirkja.

Rit 9: Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Bakkakirkja, Bægisárkirkja, Glæsibæjarkirkja, Kviabekkjarkirkja, Miðgarðakirkja, Möðruvallakirkja í Hörgárdal, Ólafsfjarðarkirkja, Tjarnarkirkja, Urðakirkja og Vallakirkja.

Rit 10: Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Akureyrarkirkja, Grundarkirkja, Hólakirkja, Lögmannshlíðarkirkja, Minjasafnskirkja, Munkaþverárkirkja, Möðruvallakirkja í Eyjafirði og Saurbæjarkirkja.

Útsöluastaðir: IÐNÚ og bókaverslanir